

Fiskveiðiauðlindin og þjóðin

Auðlindarenta í sjávarútvegi og hlutur þjóðarinnar í henni.

Efnisfirlit

1. kafli. Inngangur	2
2. kafli. Auðlindarenta, skilgreining og útreikningur	3
3. kafli. Afkoma sjávarútvegs og auðlindarentan	5
<i>Auðlindarenta í sjávarútvegi</i>	5
<i>Skýrslur Hagstofu Íslands um afkomu sjávarútvegs</i>	6
<i>Samantekt</i>	7
4. kafli. Greining Deloitte á bókhaldi fyrirtæka í sjávarútvegi	7
<i>Skýrsla Deloitte</i>	7
<i>Eignarhaldsfélög, leynd og skattaskjól</i>	8
<i>Samantekt</i>	9
5. Kafli. Virðisauki í sjávarútvegi, skipting á vinnu, fjármagn og auðlind	9
<i>Tekjusveiflur og gengisbreytingar</i>	9
<i>Hluti þjóðarinnar í auðlindarentu í sjávarútvegi</i>	10
<i>Samantekt</i>	10
6. Kafli. Skattar í sjávarútvegi	10
<i>Skattaspor</i>	11
<i>Háir skattar sjávarútvegsfyrirtækja</i>	11
<i>Skattbyrði sjávarútvegsfyrirtækja</i>	12
<i>Skattar af þáttatekjum í sjávarútvegi</i>	12
<i>Skattar í sjávarútvegi, samantekt</i>	13

Fiskveiðiauðlindin og þjóðin

Auðlindarenta í sjávarútvegi og hlutur þjóðarinnar í henni.

1. kafli. Inngangur

Grein þessi er sú fyrsta í röð greina sem birtast á næstunni og fjalla um fjárhagslega nýtingu á fiskveiðiauðlindum landsins þar sem leitast er við að svara ýmsum spurningum um hana á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og upplýsinga.

Í júní sl. spurði blaðamaður *Fréttablaðsins* um mat mitt á auðlindarentu í sjávarútvegi á Íslandi. Ég svaraði því til að hún hefði á síðustu árum verið 40 til 60 mrd. kr. á ári. Þórólfur Matthíasson prófessors við HÍ tók undir þetta en hann er meðal þeirra sem rannsakað hefur hagræn áhrif kvótakerfisins og ritað um þau. Frekari umfjöllun um málið varð til þess að rætt var við mig í þættinum *Á Sprengisandi 26. júní sl* ásamt framkvæmdastjóra *Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi* (SFS) um auðlindarentuna og gjald fyrir nýtingu á fiskveiðiauðlindinni.

Þar gerði ég grein fyrir því á hvaða forsendum þetta mat er byggt. Framkvæmdastjóri SFS tók undir það að vel gengi í sjávarútvegi en fjarri því jafn vel og ég hefði lýst og fann því flest til foráttu að auka gjaldtöku í sjávarútvegi. Studdi hann mál sitt með því að tína til ýmis atriði sem sem reynst hafa vel til að drepa á dreif umræðu um kjarna málsins, þ.e. auðlindarentu í sjávarútvegi og rétt þjóðarinnar til hennar, en gaf samt góða yfirsýn yfir það sem SFS hefur beitt í andófi sínu gegn veiðigjöldum.

Málflutningur hans og fleiri bendir til þess að vitneskju um stöðu og áhrif náttúruauðlinda í efnahagslífinu sé áfátt. Rök eru sótt í bókhaldsfærslur og hjáfræði fremur en staðreyndir og fræðilega þekkingu. Verður því að eyða nokkru plássi í frumatriði auðlindahagfræði áður en komið er að megintilgangi þessara greina sem er að leita svara við spurningum eins og; hver er raunveruleg afkoma fyrirtækja sem nýta fiskveiðiauðlindir landsins?, hve mikil er þáttur auðlindarinnar, þ.e. hver er auðlindarentan?, er greitt eðlilegt afgjald fyrir aðgang að henni? og fleiri spurningum sem þessu tengjast.

Í greinunum verður einnig vikið að ýmsum útbreiddum staðhæfingum um fjárhag sjávarútvegs og auðlindagjöld sem eru villandi, byggðar á röngum forsendum og ályktunum eða að farið er rangt með staðreyndir. Meðal þess er eftirfarandi:

- Auðlindarenta er óljóst hugtak, skilgreiningin þess er á reiki og mat á rentu torvelt.
- Auðlindarenta í fiskveiðum er lítil.
- Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja er ekki frábrugðin því sem gengur og gerist í atvinnurekstri hér á landi og arðsemi þeirra aðeins 3,6 - 6,6%.
- Þjóðin fær þegar eðlilegan hluta auðlindarentunnar í sinn hlut.
- Skattar á sjávarútvegsfyrirtæki eru mjög háir og hann skilar svo miklu í opinberan rekstur að ekki sé á það bætandi. Sjávarútvegsfyrirtæki greiða þegar 30 - 60 % af hagnaði sínum í skatta.
- Engin óeðlileg verðlagning er í viðskiptum milli tengdra aðila í útgerð og engar tekjur eru fluttur milli veiða, fiskvinnslu og sölu fiskafurða og því engin ástæða til að afkoma fiskvinnslu sé tekinn með í mati á auðlindarentu.
- Fjárfestingaþörf í sjávarútvegi er mikil og hagnaður þarf að vera mikill til fjárfestinga og vegna arðsþarfa eigenda.

Í greinunum verður fyrst og fremst fjallað um fiskveiðiauðlindina. Upplýsingar um hana eru aðgengilegri en um önnur svið auðlindatengdrar starfsemi sem ýmist eru hulin upplýsingaleynd eða að nægilegar rekstrarupplýsingar liggja ekki fyrir. Almenn atriði greinanna eiga þó einnig við um þessi svið svo sem vatns- og hitaorku sem ég hef áður fjallað um "Arður af náttúruauðlindum og

hver nýtur hans" sem og nýtingu náttúruauðlinda sem hafa nýlega verið til umræðu í fjölmiðlum, beislun vindorku, fiskeldi í sjó, vissa þætti ferðaþjónustu og útflutning jarðefna. Líklegt er að á grundvelli tiltækra upplýsinga sé unnt að sýna fram á að í þessum atvinnugreinum sé auðlindarenta þegar fyrir hendi eða verði það innan tíðar og að þeir sem leynt eða ljóst stefna að auknu fiskeldi og orkuvinnslu o.fl. án þess að skeyta um umhverfisleg áhrif eða fjárhagslega hagsmuni þjóðarinnar af nýtingu náttúruauðlinda séu í rentusókn fyrir eigin reikning fremur en í baráttu fyrir almannahagsmunum eins og látið er í veðri vaka.

Auk þessa inngangs er í 2. kafla þessarar greinar rætt um efni og hugtök auðlindahagfræði, skilgreiningu á auðlindarentu og hvernig staðið er að mati á henni.

Í næstu grein verður annars vegar fjallað um afkomu sjávarútvegs á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Íslands og sýnt fram á hver auðlindarentan hefur verið á árunum 2010 til 2020 og hins vegar verður til samanburðar bókhaldsleg greiningu Deloitte á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja skoðuð og munurinn á þessum tvennu skýrður.

Í þriðju greininni verður rætt nánar um afkomu í sjávarútvegi og áhrif af gengi íslensku krónunnar á hana og sýnt hvernig virðisauki hefur skipst á vinnu, fjármagn og auðlind og spurt hvort hluti þjóðarinnar í auðlindarentunni sé eðlilegur. Í síðari hluta hennar verður fjallað um skatta sjávarútvegsfyrirtækja á síðustu árum og skattar af þáttatekjum í sjávarútvegi bornir saman.

Í fjórðu greininni verður rætt um áhrif af innbyrðis viðskiptum tengdra aðila á útreikning auðlindarentu og meint neikvæð félagsleg og efnahagsleg áhrif auðlindargjalda.

Í fimmtu og síðustu greininni verður fjallað um mismunandi auðlindagjöld og sett fram sjónarmið um skiptingu auðlindarentu og ákvörðun auðlindagjalda.

2. kafli. Auðlindarenta, skilgreining og útreikningur

Hugtakið auðlindarenta kemur fram hjá Adam Smith einum helsta talsmanni viðskiptafrelsis á síðari hluta 18. aldar og hjá David Ricardo sem skilgreindi rentusókn í byrjun 19. aldar. Fræðileg umfjöllun um efnahagsleg nýtingu auðlinda hefur síðan verið á þeim grunni með nokkuð mismunandi áherslum. Eftir miðja 20. öld verður renta og rentusókn í vaxandi mæli viðfangsefni í hagfræði og stjórnmálafræði með verkum Gordon Tullock 1967 og Anne Krueger 1974.

(Tullock, Gordon (1967). "The Welfare Costs of Tariffs, Monopolies and Theft". Western Economic Journal. Tullock var lengi prófessor í lögum og hagfræði við George Mason háskólann í Fairfax í Virginíu og á meðal brautryðjenda í almannavæðing (public choice theory).

Anne Krueger (1974). The Political Economy of the Rent-Seeking Society. American Economic Review, 64(3).

Anne Krueger var prófessor í hagfræði við ýmsa háskóla í BNA og síðan aðalhogfræðingur Alþjóðabankans og um tíma aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.)

Tullock lýsti rentusókn sem því að sækjast eftir hagnaði með pólitískum hætti fremur en með viðskiptum á markaði og Krueger, sem þekkt er fyrir baráttu fyrir afnámi viðskiptahindrana milli landa, kemst í ritum sínum að þeirri niðurstöðu að rentusókn valdi óhagkvæmni í efnahagslífinu, leiði til rangra fjárfestinga, minnki verðmætasköpun, dragi úr tekjum hins opinbera og auki tekjuójöfnuð. Á síðustu áratugum hefur lífleg fræðileg umfjöllun verið um rentu í sjávarútvegi m.a. í löndum þar sem fiskveiðar hafa mikla efnahagslega eða félagslega þýðingu þ.á.m. hér á landi eins og fram kemur síðar.

Hagræn renta er samkvæmt skilgreiningu sá hluti tekna af framleiðslu sem ekki er að rekja til vinnu eða fjármagns. Á samkeppnismarkaði fyrir vinnuafli, framleiðslutæki, aðföng og aðstöðu myndast engin renta en sé aðgangur takmarkaður að einhverju því sem til framleiðslunnar þarf getur renta orðið til. Ef aðgangur að náttúruauðlind er hinn takmarkandi þáttur er talað um auðlindarentu. Takmörkunin getur verið af náttúrulegum ástæðum t.d er ekki hægt að virkja vatnsfall eða gufuhver nema af einum aðila í senn eða að aðgangur er takmarkar með settum reglum svo sem kvóta eða

skilyrðum um leyfisveitingu. Auðlindarenta fellur þeim í skaut sem fær nýtingarréttinn nema fullt markaðsgjald komi fyrir hann.

Sem dæmi um auðlindarentu í íslensku atvinnulífi er stóriðja og önnur starfsemi sem kaupir orku undir markaðsverði með langtímasamningum og fiskveiðar þar sem veiðileyfum er úthlutað án þess að tekið sé markaðsgjald fyrir. Sama má segja um fiskeldi í hafi og starfsemi ferðaþjónustu í vissum tilvikum. Þá stefnir allt í að vindorkuframleiðslu verði uppspretta auðlindarentu.

Markmið með atvinnurekstri er að afla tekna. Í þeim tilgangi er fólk ráðið til starfa, fjárfest í framleiðslutækjum og framleiðslan seld á markaði. Tekjurnar (virðisaukinn) eru notaðar til að greiða laun og ávaxta það fé sem bundið er í starfseminni. Fjárfestingar í starfseminni miða að því að auka framleiðslu og skapa aukin verðmæti og meiri tekjur. Þetta á þó ekki við þar sem einokun eða fákeppni er á markaði. Við þær aðstæður verður til hagnaður umfram laun og eðlilega ávöxtun fjármagns. Hluti virðisaukans rennur þá sem renta til þeirra sem njóta hinnar sérstöku samkeppnisstöðu eða eiga þau réttindi sem skapa rentuna. Fjárfesting í slíkri starfsemi hefur ekki eingöngu og oft alls ekki þann tilgang að auka verðmætasköpun heldur þann að fá hlutdeild í hagnaði sem þegar er til staðar.

Dæmi um það eru fjárfestingar til að fá aukna hlutdeild í heildarkvóta. Þær leiða ekki til aukinnar verðmætasköpunar því hin aukni kvóti er tekin af öðrum hvort sem það er með kaupum á honum eða hann fenginn hjá stjórnvöldum Eftirsókn eftir fjárfesting í starfsemi þar sem renta er veruleg er nefnd rentusókn og eitt einkenna hennar er að hún skilar ekki aukinni framleiðslu og verðmætum. Það sem einn fær er tekið af öðrum.

Skilgreining á hugtakinu auðlindarenta má m.a finna hjá Sameinuðu Þjóðunum í flokkun þeirra á umhverfispáttum *Environmental-Economic Accounting (SEEA, 2014)*.

(Economic profits obtained from utilizing natural resources is related to the term resource rent (RR). According to the UN System of Environmental-Economic Accounting, the RR is the income from the harvest operations that remains after all necessary input factors registered in the National Accounts (NA) have received their remuneration (SEEA, 2014). RR is thus the additional income from having access to a natural resource, or in other words; what you earn beyond the income you would normally earn by investing in real capital and human capital in competitive industries.)

Hér segir að auðlindarenta séu þær tekjur af nýtingu auðlindar sem standi eftir þegar aðrir nauðsynlegir framleiðsluþættir (*fjármagn og vinna*) hafa verið endurgoldnir. Rentan er þannig þær auknu tekjur sem fást fyrir það að hafa aðgang að auðlindinni eða með öðrum orðum; það sem þú færð umfram það sem þú hefðir fengið við að festa sama fjármagn og mannafla í annarri atvinnustarfsemi á samkeppnismarkaði.

Á grundvelli þessarar skilgreiningar eða annarra hliðstæðra hefur auðlindarenta verið rannsökuð og metin árum saman um allan heim, m.a. birtir Alþjóðabankinn yfirlit yfir auðlindarentu og hlut hennar í landsframleiðslu í heiminum og einstökum ríkjum. Rentuhugtakið er hvorki óskýrt né að miklum erfiðleikum sé háð að leggja mat á rentu.

Sú staðhæfing að vegna erfiðs mats á kostnaði sé betra að nota tekjuskattstofn en auðlindarentu til að meta afkomu sjávarútvegs stenst ekki skoðun. Þær stærðir sem þarf til útreikningsins á rentu eru rekstrarstærðir sjávarútvegsfyrirtækja, heildartekjur og rekstrarkostnaður, sem eru aðgengilegar í gögnum Hagstofu Íslands og skattýfirvalda. Við útreikning rentu er byggt sömu gögnum og liggja til grundvallar tekjuskattstofni að öðru leyti en því að sleppt er bókhaldslegum og skattalegum fjármagnsliðum og eingöngu tekið tillit til ómatskenndra kostnaðarliða.

Það eina matskennda við útreikning rentu er kostnaður af því fé sem bundið er í framleiðslunni. Í skattskilum og ársreikningum er þessi kostnaður sýndur með fjármálafærslum sem segja lítið til um raunverulegan kostnað. Skattalegar afskriftir, vaxtagreiðslur, gengishagnaður/tap, fjármálasamskipti við tengda aðila og aðrar fjármagnsfærslur eins og þær birtast í ársreikningum og færðar eru í

skattskilum gera tekjuskattsstofninn ónothæfan til mats á raunverulegri afkomu og hefur gert fyrirtækjum kleift að hagræða ársreikningum og skattskilum í þeim tilgangi að komast hjá skattgreiðslum eða leynd rekstrarlegum upplýsingum af einhverjum ástæðum.

Við mat á rentu er fjármagnskostnaður reiknaður með aðferðum sem miðast við verðgildi fastafjármuna og endingartíma þeirra. Upplýsingar um stofnverð þeirra og aldur liggja fyrir hjá Skattinum. Ýmsar aðferðir til að áætla árlegan fjármagnskostnað eru þekktar. Ein þeirra er árgreiðslan sem Hagstofa Íslands notar við mat sitt á afkomu veiða og vinnslu. Er sú aðferð hliðstæð útreikningi á endurgreiðslu láns (afborgun og vaxta) til ákveðins tíma með fastri árgreiðslu sem flestir þekkja. Önnur leið er að láta fyrningar ráðast af raunverulegum endingartíma eigna og reikna vexti á bókfært virði fastafjármuna sem vexti á áhættulausar fjárfestingar og sú þriðja er að gjaldfæra alla fjárfestingu á fjárfestingarárinu og reikna enga vexti.

Erfiðleikar við að heimfæra hagnaðinn á framleiðslupættina, vinnu, fjármagn og auðlind, eru ekki miklir. Hluti fjármagns er árgreiðslan byggð á raunvirði eigna og eðlilegri ávöxtun fjármagns. Hluti auðlindarinnar, rentan, er sú stærð sem eftir stendur þegar aðfangakostnaður, laun og árgreiðsla hafa verið dregin frá tekjum af starfseminni.

3. kafli. Afkoma sjávarútvegs og auðlindarentan

Stundum er því haldið fram að afkoma sjávarútvegs sé ekki sérlega góð og auðlindarentan lítil. Því til stuðnings er vísað í ársreikninga og skattframtöl fyrirtækja. Önnur mynd blasir við í mörgum vísbendingum um góða afkomu í greininni. Kaup Síldarvinnslunnar á Vísi í Grindavík eru ein þeirra. Eigið fé Vísis var skv. ársreikningi um 6 mrd. kr. en samt greiddi Síldarvinnslan 31 mrd. kr. fyrir félagið. Þar sem ekki er verið að skapa nýjar tekjur að óbreyttum kvóta hinna sameinuðu fyrirtækja hljóta framtíðartekjur af hinum keypta kvóta að vera svo riflegar að kaupin borgi sig. Góð afkoma sýnir sig einnig í verði og leiguverði á kvóta og miklum arðgreiðslum.

En hver er raunveruleg afkoma og hver er auðlindarentan í sjávarútvegi? Ársreikningar og skattframtöl eru ekki nothæf til mats á þessu vegna fjárhagslegra færslna sem ekkert hafa með raunverulega afkomu að gera auk þess sem eignarhald fyrirtækja er oft hjá tengdum félögum og eignir hafa verið færðar inn í þau t.d. með arðgreiðslum en skuldir og vaxtagreiðslur sitja eftir í rekstrarfélaginu. En skýrslur Hagstofu Íslands um afkomu í sjávarútvegi auðveldar leit að svörum við þessum spurningum.

Auðlindarenta í sjávarútvegi

Til að leggja mat á auðlindarentu í sjávarútvegi þarf að finna virðisaukann í starfseminni og greina hversu stóran hluta hans megi rekja til hvers og eins framleiðsluþáttar, vinnu, fjármagns og auðlindar. Hlutur vinnu, þ.e. laun og tengd gjöld, finnst í reikningsskilum en það á ekki við um hluti fjármagns og auðlindar. Þeir birtast sem ein heild. Til að greina rentu frá tekjum af fjármagni þarf að meta hvað sé eðlileg ávöxtun á fjármagni í rekstri. Það mat er byggt á kenningum markaðshagfræði um að fjármagn leiti þangað sem mest ávöxtun gefst allt þar til að hún er alls staðar orðin hin sama, þ.e. að ávöxtun á fjármagni í sjávarútvegi sé hin sama og á fjármagni í annarri atvinnustarfsemi. Þessi viðmiðun er notuð í grein fræðimanna við HÍ og HA sem lögðu mat á rentu í sjávarútvegi á Íslandi og vitnað er til hér á eftir en einnig þekkist það að miðað sé við vexti af áhættulausri fjárfestingu svo sem ríkisskuldabréfum.

Í skýrslum Hagstofu Íslands um afkomu sjávarútvegs er fjármagnskostnaður reiknaður sem árgreiðsla sem miðuð við verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna og vexti. Hún svarar til þeirrar fjárhæðar sem þyrfti til að afskrifa varanlega rekstrarfjármunina á líftíma þeirra og greiða eðlilega vexti á bundið fjármagn eigenda og lánveitenda. Aðferðin er hliðstæð útreikningi árgreiðslu af “annuitetsláni” (verðtryggðu jafngreiðsluláni) til ákveðins tíma með föstum vöxtum.

Skýrslur Hagstofu Íslands um afkomu sjávarútvegs

Skýrslur Hagstofu Íslands um afkomu í sjávarútvegi eru bestu tiltækar heimildir um fjárhag hans. Tafla 1 hér á eftir er unnin úr rekstraryfirliti sjávarútvegs fyrir árin 2010 til 2020 og sýnir þær stærðir sem ráða afkomunni, þ.e. tekjur, aðfangakostnað, laun og fjármagnskostnað, sem metinn er sem árgreiðsla stað þess að nota froðufærslur úr ársreikningum og skattaskilum. Auk þess sýnir taflan rentu hvers árs, þ.e. vinnsluvirðið að frádregnum launakostnaði og árgreiðslu. Til samanburðar eru sýnd greidd veiðigjöld hvers árs.

Tafla 1: Tekjur í sjávarútvegi og skipting þeirra á framleiðsluþætti á árunum 2010 - 2020, mrd kr.

Ár	Tekjur án innbyrðis-viðskipta	Rekstrark. án fjármagnsliða, launa og veiðigj.	Vinnsluvirði, þáttatekjur alls	Laun og tengd gjöld	Árgreiðsla, hlutur fjármagns	Renta, hlutur auðlindar	Veiðigjöld
2010	220,2	84,4	135,8	69,1	20,1	46,6	2,3
2011	263,4	99,4	164,0	79,9	20,4	63,7	3,7
2012	266,0	90,3	175,7	85,2	22,6	67,9	9,8
2013	271,4	102,7	168,7	86,4	23,1	59,2	9,7
2014	241,3	91,7	149,7	81,9	22,3	45,4	8,1
2015	258,9	96,2	162,7	87,7	24,4	50,6	3,4
2016	220,6	71,9	148,6	84,1	24,3	40,2	8,5
2017	189,1	64,9	124,2	77,9	26,7	19,7	6,2
2018	220,0	68,9	151,1	84,3	28,6	38,3	11,3
2019	243,0	79,7	163,2	91,4	28,2	43,6	6,6
2020	246,7	81,5	165,2	91,6	29,4	44,2	4,8
Samtals	2.640,4	931,6	1.708,8	919,5	269,9	519,3	74,6
Meðaltal	240,0	84,7	155,3	83,6	24,5	47,2	6,8

Í fyrsta talnadálki töflunnar eru tekjur af sölu sjávarafurða án innbyrðis viðskipti fyrirtækja. Í öðrum talnadálki er aðfangakostnaður, þ.e. rekstrarkostnaður án launa og tengdra gjalda og án veiðigjalda sem sýnd eru í síðasta talnadálki. Litið á veiðigjöld sem hluta virðisauka, þ.e. þann hluti hans sem greiddur er eiganda auðlindarinnar. Þriðji talnadálkur er mismunur tveggja fyrstu talnadálka og sýnir hann vinnsluvirðið, þær tekjur sem eru til skipta á framleiðsluþættina. Þrír næstu talnadálkarnir sýna svo skiptingu þessa virðisauka milli framleiðsluþátta eftir uppruna.

Hlutur launagjalda í virðisaukanum er laun og tengd gjöld. Hlutur fjármagns er reiknuð árgreiðsla. Hlutur auðlindarinnar, rentan, er það sem eftir stendur af virðisaukanum þegar laun og tengd gjöld hafa verið greidd og fjármagnið fengið sinn hluta.

Í næstsíðasta dálki töflunnar sést að á þessu 11 ára tímabili hefur auðlindarenta í sjávarútvegi verið lægst tæplega 20 milljarðar króna eitt árið en annars á bilinu frá 38 upp í 68 milljarða króna á ári, alls 519 mrd. kr. eða um 47 milljarðar króna að meðaltali á ári. Sveiflur á milli ára má að verulegum hluta rekja til breytinga á gengi eins og vikið verður að í 5. kafla.

Þessi niðurstaða er í samræmi við grein fjögurra vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, *Stefán B. Gunnlaugsson, Hörður Sævaldsson, Daði M. Kristófersson. 2020. "Resource Rent and its Distribution in Iceland's Fisheries." Marine Resource Economics 35(2)* en þar segir m.a.: "Little rent was produced in the first years; however, since 2008, rent has been significant, averaging 380 million USD per year, which is around 17% of the export value of the fishing industry." (380 milljónir USD samsvara um 47 mrd. kr. (gengi júlí 2021).

Í grein þeirra er þetta borið saman við tvær aðrar rannsóknir með svipaðri niðurstöðu. *Flaate, O., K. Heen, and T. Matthíasson. 2017. "Profits and Resource Rent in Fisheries." Marine Resource Economics 32(3) (2017)* töldu auðlindarentuna frá 2009 til 2013 hafa verið frá 331 til 468 milljónir USD á ári sem svara til 13-19% af söluverðmæti sjávarafurða og *Gunnlaugsson S. B. and S. Agnarsson. 2019. Late Arrival: The Development of Resource Rent in Icelandic Fisheries.*

Fisheries Research 214. (2019) áætluðu árlega rentu frá 2008 til 2016 hafa verið 250 til 500 milljónir USD eða 10 til 19% af útflutningsverðmæti greinarinnar.

Samantekt

Á árunum 2010 til 2020 voru tekjur af sölu sjávarafurða samtals 2.640 mrd. kr. Að frádregnum aðfangakostnaði var eftir virðisauki að fjárhæð 1.709 mrd. kr. Í hlut launa komu að 920 mrd. kr. Hluti fjármagns var 270 mrd. kr. og afganginn alls 519 mrd. kr. var að rekja til auðlindarinni.

Auðlindarenta í sjávarútvegi var samkvæmt þessu alls 519 mrd. kr. á tímabilinu, 47 mrd. kr. á ári að meðaltali, tæp 20% af söluverðmæti sjávarafurða. Niðurstaða þessi er í samræmi við þrjár rannsóknir sem vitnað er til. Auðlindarenta er óumdeilanlega mikil í sjávarútvegi á Íslandi. Eignasöfnun eigenda íslenskra sjávarútvegsfélaga á síðasta áratug er einnig birtingarmynd þess.

4. kafli. Greining Deloitte á bókhaldi fyrirtæka í sjávarútvegi

Staðhæfingar um afkomu sjávarútvegs hafa jafnan verið studdar tölum úr bókhaldi fyrirtækja án þess að gerður sé greinarmunur á afkomu sjávarútvegs sem atvinnugreinar og bókhaldslegu uppgjöri fyrirtækja í henni. Uppgjör fyrirtækja litast af þáttum sem koma afkomu sjávarútvegs ekkert við svo sem eign á verðbréfum og skuldum vegna annars en rekstrarfjármuna o.fl.

Að teknu tilliti til vankanta á þeim, staðfesta reikningsskil sjávarútvegsfyrirtækja þó að hagur þeirra hefur verið mjög góður á síðustu árum og verið í samræmi við niðurstöður kafla 3 hér að framan. Það sýna einnig arðgreiðslur og hækkun eigin fjár á síðustu árum og nýbirtar afkomutölur; Samherji hagnast um 17,8 milljarða, Ísfélag Vestmanneyja; Greiða 2 milljarða í arð svo og reikningar eignarhaldsfélaga með mikil ítök í útgerðarfélagunum. Í grein Stundarinnar (Það sem útgerðirnar eiga og þeir sem eiga þær) kemur fram að eigendur útgerðarfélaga eru umsvifamiklir fjárfestar í öðrum atvinnurekstri. Ekki leikur vafi á því að ofurgróði af útgerð er uppspretta fjárfestinga þeirra.

Skýrsla Deloitte

Deloitte, endurskoðunarstofa, birtir árlega tölur um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. (Afkoma sjávarútvegsins 2020). Skv. heimasíðu stofunnar er hún: “*þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónusta.*” Vegna fjölbættra verkefna fyrir sjávarútveg fyrirtæki og fjárhagslegra tengsla við þau verður að taka ályktunum Deloitte með nokkrum fyrirvara. Meðhöndlun þess á veiðigjöldum, sköttum og ýmsum fjárhagslegum færslum er bókhald en ekki hagfræðilega greiningu á afkomu sjávarútvegs.

Tölur Deloitte um EBITDA (tekjur fyrir vexti, skatta og afskriftir) áranna 2016 til 2020 koma heim og saman við tölur mínar hér að framan. Tafla 2 sýnir samanburð á virðisauka að frádregnum launakostnaði úr Töflu 1 og EBITDA skv. Deloitte. Þar hafa veiðigjöld verið dregin frá tekjum sem kostnaður í rekstri en í hagrænni greiningu ber að líta á þau sem hluta þess virðisauka. Tekjutölur Deloitte eru sem því munar lægri en hjá mér og eins taka tölur Hagstofu aðeins til tekna af sölu sjávarafurða en ekki annarra tekna. Skýrsla Deloitte staðfestir þannig í stórum dráttum það sem fram koma í 3. kafla um auðlindarentu í sjávarútvegi.

Arðgreiðslur og hagnaður

Oft er litið á arðgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja sem mælikvarða á hagnað, stundum til að vekja athygli á gróða þeirra en stundum til að draga athygli frá raunverulegum meiri hagnaði. Skv. Deloitte var um þriðjungur af bókfærðum hagnaði frá 2015 til 2019 greiddur út sem arður og var fjárhæðin frá 3,6% til 6,6 % af eigin fé hvers árs. Þetta hefur ranglega verið túlkaðir á þann veg að þetta sé hagnaður sjávarútvegs og að hann sé á pari við það sem gerist í öðrum atvinnurekstri. Óskiljanlegt er hvers vegna arður sem hlutfall af eigin fé er notaðað sem mælikvarða á afkomu því

arðgreiðsla er bara ákvörðun eigandans um hvað hann flytur mikið fé úr einum vasa sínum í annan en segir ekkert af viti um afkomuna.

Arður að viðbætti breytingu á eigin fé getur hins vegar verið nothæfur mælikvarði á afkomu. Um 2/3 hlutar hagnaðarins gengu til hækkunar á eigin fé fyrirtækjanna. Skv. Deloitte var breyting á eigin fé í sjávarútvegi frá 2015 til 2019 104 mrd. kr. sem til viðbótar við 49 mrd. kr. arðgreiðslur gerir hagnaðinn alls 153 mrd. kr. Árleg ávöxtun eigin fjár er því 8,2% - 23,8% en ekki 3,6 - 6,6% eins og gefið hafði verið í skyn.

Skýrsla Deloitte sýnir góða afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi þrátt fyrir að hún sé vanmetin vegna bjagandi bókhaldsreglna. Dæmi um bjögun eru afskriftareglur, einkum þær sem snúa að skipum sem afskrifuð eru á mikið styttri tíma en svara til endingartíma þeirra. Gengisbreytingar lána í erlendum gjaldeyri eru færðar til tekna eða gjalda þrátt fyrir að tekjur sjávarútvegs séu að langmestu leyti í erlendri mynt eins og skuldir hans. Á árinu 2020 voru t.d. 19 milljarðar króna gjaldfærðir sem gengistap og dregnir frá tekjum. Sama er að segja vexti. Á árunum 2019 og 2020 eru 10 og 11 mrd. kr. vaxtagreiðslur dregnir frá tekjum af sjávarútvegi sem vextir þótt að fyrirtækin eigi hundruðir milljarða í eignum sem nær engum tekjum skila skv. bókhaldi.

Eignarhaldsfélög, leynd og skattaskjól

Reikningar sjávarútvegsfyrirtækja sýna mikinn hagnað og reikningar einkahlutafélaga sem fara með eignarhald á útgerðarfélagunum fyrir hönd raunverulegra eigenda þeirra bólga út ár frá ári vegna arðs frá rekstrarfélagunum og aukins verðgildis eignarhluta í þeim.

Þessi háttur á eignarhaldi hefur ýmsa kosti fyrir eigendurna. Í einn stað felur það upplýsingar um eign og eignarhald í sjávarútvegi og það hvernig fjárstreymi úr honum hefur verið notað til að ná

Tafla 2. Tölur Hagstofu og Deloitte

mrd kr.	Hagstofa virðisauki án launa	Deloitte, EBITDA
2016	65	56
2017	46	40
2018	67	43
2019	72	73
2020	74	72

eignarhaldi á annarri atvinnustarfsemi í landinu. Stjórnvöld hafa stuðlað að þessari leynd með því að láta ekki vinna og birta tiltækar upplýsingar um eignarhald á fyrirtækjum og með því að birta ekki slíkar upplýsingar þegar eftir því hefur verið leitað sbr. beiðni alþingismanna um skýrslu frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um eignarhald 20 stærstu útgerðarféлага landsins í íslensku atvinnulífi (<https://www.althingi.is/altext/151/s/0669.html>).

Í annan stað eru eignarhaldsfélögin skattaskjól fyrir eigendurna. Eftir að rekstrarfélagið hefur greitt lágan skatt af hagnaði sínum, þ.e. 20% af niðurfærður hagnaði, er arður greiddur inn í eignarhaldsfélagið og/eða verðmæti eignarhlutans hefur vaxið.

Arðurinn sem greiddur var eignarhaldsfélaginu og hagnaður þess af sölu á eignarhlutum í rekstrarfélaginu eða öðrum félögum er einnig skattfrjáls. Eignir og tekjur eignarhaldsfélagsins eru þannig varðar gegn skattlagningu svo lengi sem eignandinn vill eða þar til hann geispar golunni. Þá kann að falla til lágur erfðafjárskattur hafi ekki tekist að koma eignunum til verðandi erfingja með einhverjum hætti. Talsmenn auðmanna á Alþingi hafa reyndar gert atlögu að því að lækka erfðafjárskatt í þeim tilgangi að tryggja betur að eignir og tekjur skili sér að mestu óskattlagðar til erfingja útgerðarauðsins (<https://www.althingi.is/altext/149/s/0010.html>).

Það skal tekið fram að notkun eignarhaldsfélaga sem skattaskjóla er ekki bundin við sjávarútveg en á við um stóran hluta einkahlutafélaga sem eru í reynd eins konar skattfrjálsir fjárvörslureikningar á meðan sömu tekjur einstaklinga af hlutabréfum, verðbréfasjóðum o.s.frv. sæta árlegri skattlagningu.

Samantekt

Skýrsla Deloitte, sem unnin er fyrir SFS, staðfestir að hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja hefur verið mikill og arðsemi þeirra meiri en það sem almennt er í öðrum atvinnurekstri. Óbýgðar tölur Deloitte styðja niðurstöðu þessarar greinar um auðlindarentu í sjávarútvegi.

Skv. Deloitte var greiddur arður og aukning eigin fjár sjávarútvegsfyrirtækja á árunum 2016 til 2020 153 mrd. kr. og árleg arðsemi 8 til 24% en ekki 3,6 til 6,6% eins og gefið var í skyn.


Staða stórra útgerðarfélaganna er falin í ógegnsæu neti eignarhaldsfélaganna sem leyna eignum og koma í veg fyrir að tekjur sæti eðlilegri skattlagningu.

5. Kafli. Virðisauki í sjávarútvegi, skipting á vinnu, fjármagn og auðlind

Tekjusveiflur og gengisbreytingar

Í 4. kafla kemur fram að afkoma í sjávarútvegi var góð á árunum 2010 til 2020 og virðisauki mikill. Sýnt var hversu stóran hluta hans mátti rekja til hvers framleiðsluþáttar og að hlutur auðlindar, þ.e. rentan, hafi að jafnaði verið 47 mrd. kr. á ári. Það sýndi sig hins vegar að rentan hafði verið mjög breytilega á tímabilinu, allt frá um 20 mrd. kr. upp í um 68 mrd. kr. á ári.

Mynd 1. Skipting virðisauka á framleiðsluþætti



Rentan er eðli samkvæmt háð breytingum á ytri aðstæðum svo sem verði afurða og gengi í meira mæli en aðrar þáttatekjur. Virðisauki í sjávarútvegi var tiltölulega stöðugur frá 2010 til 2020, frá 150 til 170 mrd. kr. á ári að frátöldu fyrsta árinu og árinu 2017, sbr. töflu 1 í 3. kafla. Mynd 1 sýnir árlegan virðisauka þann tíma og hvaða hluta hans var að rekja til hvers framleiðsluþáttar og ber hún með sér að breyting á virðisaukanum hefur mismikil áhrif á einstaka framleiðsluþætti. Þrátt fyrir sveiflur á virðisaukanum hækkuðu laun og tengd gjöld á

tímabilinu nokkuð stöðugt með frávikum sem rekja má til breytinga á aflamagni. Hlutur fjármagns var einnig stöðugur og vaxandi en hann ræðast af rekstrarfjármunum og verðlagi. Rentan er aftur á móti sveiflukennd og tekur á sig nær allar breytingar á virðisauka hvort sem þær stafa af breyttu aflamagni, gengi eða fiskverði.


Rentan er afgangur virðisaukans eftir að aðrir framleiðsluþættir hafa fengið sitt. Lækkun hans frá 2016 til 2017 var 24,4 mrd. kr., laun lækkuðu um 6,2 mrd. kr. vegna minni afla, hluti fjármagns hækkaði um 2,4 mrd. kr. en rentan lækkaði um 20,5 mrd. kr. Auðlindagjöld miðuð við rentu hafa

hvorki áhrif á endurgjald fyrir laun né fjármagn og geta ekki sem slík leitt til tapreksturs í sjávarútvegi.

Sveiflurnar í mynd 1 stafa að hluta af breytingum á gengi. Íslenska krónan var sterk á árunum 2016 til 2018 sem leiddi til þess að tekjur sjávarútvegs mældar í íslenskum krónum lækkuðu. Tekjur hans eru að mestu leyti í erlendum gjaldeyri og stórir kostnaðarliðir eru einnig háðir gengi en laun virðast að mestu óháð því. Tekjur í erlendum gjaldeyri eru því líklega betri mælikvarði á afkomu sjávarútvegs en tekjur í íslenskum krónum á hlaupandi gengi.

Mynd 2 sýnir heildartekjur í íslenskum krónum

Mynd 2: Tekjur sjávarútvegs af sölu fiskafurða í krónum á hlaupandi gengi og föstu gengi, mrd. kr.



annars vegar á hlaupandi gengi og hins vegar á verði miðað við meðalgengi ísl. krónunnar á árinu 2020. Hún ber með sér að tekjur sjávarútvegs í erlendum gjaldeyri hafa verið all stöðugar frá 2011-2020. Hæðin í íslenskum krónum 2011 til 2013 og lægðin frá 2015 til 2017/18 skýrast að mestu af gengi krónunnar á þessum árum. Tekjur árið 2018 voru t.d. þær næsthæstu á tímabilinu. Tekjufallið í íslenskum krónum 2017 leiddi þó til þess að veiðigjöld voru lækkuð verulega þótt hagnaðarhluti fjármagns hafi farið hækkandi en auðlindarentan tekið allan þunga af gengissveiflunni.


Hluti þjóðarinnar í auðlindarentu í sjávarútvegi

Til þessa hefur verið fjallað um uppruna virðisauka og þann hluta hans sem rekja má til auðlindar en ekki það hvort framleiðsluþættirnir hafi hver og einn fengið eðlilegan hluta þess virðisauka sem sjávarútvegurinn skapar en að því verður nú vikið.

Tafla 3: Skipting virðisauka og tekna-1

2010 - 2020	Reiknaðar þáttatekjur	Greiddar tekjur
Vinnuafli	920	920
Fjármagn	270	714
Auðlind	519	75
Samtals	1.709	1.709

Mynd 3
Virðisauki, skipting




Í fyrri talnadálk töflu 3 eru þáttatekjur áráanna 2010 til 2020. Virðisauki í sjávarútvegi var alls 1709 mrd. kr. á þessu tímabili. Í hlut vinnu komu laun og tengd gjöld að alls 920 mrd. kr. Hluti fjármagns, árgreiðslan var 270 mrd. kr. en afgangurinn 519 mrd. kr. var renta af fiskveiðiauðlindinni.

Í síðari talnadálknum eru hins vegar þær tekjur sem greiddar voru framleiðsluþáttunum í reynd. Fyrir vinnuna voru greiddir 920 mrd. kr. í laun og tengd gjöld. Hluti fjármagns, árgreiðslan, var 270 mrd. kr. á tímabilinu en vegna gjafakvóta og lágra veiðigjalda fengu eigendur fjármagnsins ekki bara hlut þess heldur einnig mestan hluta rentunnar. Eigandi auðlindarinnar, þjóðin, fékk greitt í sinn hlut einungis það sem tókst að ná inn með veiðigjöldum, samtals 75 mrd. kr. á þessum ellefu árum. Það er um 14,5% af auðlindarentu á þeim tíma en 85,5% hennar runnu til fjármagnseigendanna.

Myndir 3 sýnir hlutfallslega skiptingu virðisaukans eftir framleiðsluþáttum og mynd 4 skiptingu þess sem eigendur framleiðsluþáttanna fengu í reynd í sinn hlut.

Mynd 4
Tekjur, skipting



Samantekt

Auðlindarentan er umframhagnaður, afgangur virðisaukans eftir að vinna og fjármagn hefur fengið eðlilega umbun. Rentan er mjög háð ytri aðstæðum svo sem verði og gengi.

Til skipta á haghafa 2010 - 2020 voru 1.709 mrd. kr. Laun og tengd gjöld, 920 mrd. kr. voru 54% hluti vinnu í virðisaukanum. Hluti fjármagns var 270 mrd. kr., 16% virðisaukans, en tekjur eigenda fjármagns voru 714 mrd. kr., þ.e. 42% virðisaukans. Framlag auðlindar, var 519 mrd. kr. eða 30% virðisaukans en greiðsla til eigenda hennar var 75 mrd. kr. Það er um 4% virðisaukans.

6. Kafli. Skattar í sjávarútvegi

Þegar vakin er athygli á að lítill hluti auðlindarentu í sjávarútvegi skili sér til samfélagsins er því oft svarað með því að sjávarútvegsfyrirtækin greiði svo mikið af sköttum og gjöldum að ekki sé þörf á að bæta á það. Er það gert með tali um svokallað *skattaspor* eða fullyrt er að skattar útgerðar séu mjög háir. Engin innstæða er fyrir þessum staðhæfingum.

Skattaspor

Hugtakið *skattaspor* virðist, af Google og heimasíðum ráðgjafa að dæma, vera fundið upp í PR skyni og selt fyrirtækjum sem telja sig þurfa andlitsupplyftingu. Engin samræmd og hvað þá vitræn skilgreining á hugtakinu finnst. Tilgangur með notkun skattaspor er að láta líta svo út sem að fyrirtæki sé burðarás í samfélagslegri fjáröflun og virðist það helst höfða til fyrirtækja sem vita hið gagnstæða en telja betra að veifa röngu tré en öngu.

Í skattasporið er safnað saman öllum gjöldum sem unnt er að tengja við fyrirtæki eða atvinnugrein án tillits til þess hvort þau snerta efnahag þess eða hagnað. Er þá auk tekjuskatt jafnan tilgreind, þjónustugjöld, veiðigjöld, tryggingagjald, tekjuskattar starfsmanna og jafnvel virðisaukaskattur. Látið er í veðri vaka að skattasporið sýni þær tekjur hins opinbera sem rekja megi til starfsemi fyrirtækis eða atvinnugreinar.

Staðgreiðsla af launum starfsmanna eru oftast stærsti hluti þessara mælinga og með því er látið líta út fyrir að hún sé borinn af launagreiðandanum. Sama er að segja um tryggingargjald sem er í reynd borið af launþegum en ekki launagreiðendum. Skattaspor atvinnugreinar er enginn mælikvarði á framlag hennar til þjóðartekna eða hag almennings af henni og jafnvel þó litið yrði fram hjá

Tafla 3: Tekjur og virðisauki í sjávarútvegi

2010 - 2020	Samtals	Meðaltal
Tekjur án innbyrðisviðskipta	2.640	240
Rekstrarkostnaður án launa fjármagnsliða og veiðigjalda	932	85
Vinnsluvirði, þáttatekjur alls	1.709	155
Laun og tengd gjöld	920	84
Árgreiðsla, hlutur fjármagns	270	25
Renta, hlutur auðlindar	519	47
Veiðigjöld	75	7

merkingarskorti hugtaksins styðja talnalegar niðurstöður ekki staðhæfingar um að sjávarútvegur skili öðrum meira í þjóðarbúið eins og sjá má í pistlinum [Skattaspor sjávarútvegs á heimasíðu minni](#). Bolli Héðinsson hagfræðingur sýnir fram á haldleysi þessa hugtaks í grein í Kjarnanum 4. 6. 2018, [Lækkun veiðileyfagjalds og skattaspor útgerðarinnar](#). *Háir skattar sjávarútvegsfyrirtækja*

Sú staðhæfing að opinber gjöld sjávarútvegs séu há, jafnvel 30 - 60% af hagnaði í honum, er blekking af

sama toga og skattasporið. Ætla má að hún sé byggð á skýrslu Deloitte, ([Afkoma sjávarútvegsins 2020](#)), sem sýnir tölur um skatta, greidd tryggingagjöld og veiðigjöld útgerðarfyrirtækja.

Tafla 3: Skipting virðisauka og tekna

2010 - 2020	Reiknaðar þáttatekjur	Greiddar tekjur
Vinnuafli	920	920
Fjármagn	270	714
Auðlind	519	75
Samtals	1.709	1.709

Talnakunnátta Deloitte forðaði þeim að vísu frá því að reikna tryggingagjald og veiðigjöld sem hlutfall af hagnaði eins og gert hefur verið (*Á Sprengisandi 26. júní sl.*) Þau prósent fást með því að bæta við skatta útgerðar ýmsum gjöldum sem ekkert hafa með skatta að gera og deila í samtöluna með hagnaði sem lækkaður hefur verið með fjármálafærslum sem ekkert hafa með raunverulegan hagnað að gera og útkoman því marklaus.

Tryggingagjald er ekki skattur á fyrirtæki heldur hluti af launakostnaði þess og dregin frá tekjuskattstofni og skerða ekki hagnað þess. Fjárhæð tryggingagjalda ræðst fyrst og fremst af því hversu mannaflafrek viðkomandi starfsemin er. Í greiningu OECD o.fl. á skattamálum er t.d. litið á tryggingagjöld sem launagreiðandi stendur skil á sem skatt á laun sem borinn er af launþegum. Það skiptir launagreiðendum engu hvort launakostnaður felst í beinum launum eða gjöldum tengdum þeim eins og tryggingagjaldi. Veiðigjöld eru ekki skattar heldur aðfangakostnaður og eru dregin frá tekjuskattstofni. Það er út í hött að reikna tryggingagjald og veiðigjöld sem hlutfall af hagnaði og bera þau saman við tekjuskatt. Hvað væri skatthlutfallið ef hagnaðurinn er núll?

Skattbyrði sjávarútvegsfyrirtækja

Í fræðilegri umfjöllun og tölfræðilegri greiningu á ríkisfjármálum í flestum löndum og hjá alþjóðastofnunum er notaður viðurkenndur mælikvarði á skattlagningu. Hann er einfaldlega hlutfallið milli þess skatts sem lagður er á tekjur og eftir atvikum eignir skattaðila og þeirra tekna sem hann hafði. Sá skattur skerðir ráðstöfunartekjur viðkomandi skattaðila og færir hluta þeirra til

Tafla 4. Tekjuskattar sjávarútvegsfyrirtækja

mrd. kr.	Hagnaður skv. árgreiðslu-aðferð	Deloitte, Reiknaður tekjuskattur	Skatt-hlutfall
2016	51	12	24%
2017	35	6	17%
2018	51	6	12%
2019	60	9	15%
2020	64	7	11%

hins opinbera. Þessa skattbyrði má reikna fyrir einstaklinga sem lögaðila, einstakar atvinnugreinar eða efnahagslífið allt. Til þess að fá mynd af skattbyrðinni þarf tvennt, raunverulegar tekjur viðkomandi og hvað er tekið af þeim með beinum sköttum.

Skattar geta mest orðið 20% af hagnaði fyrirtækjanna en eru í reynd lægri vegna ívilnana svo sem flýtafskrifta og annarra fjármálafærslna. Tekjuskattur sjávarútvegsfyrirtækja er af þessum ástæðum undir 20% af raunverulegum hagnaði eins og sjá má í töflu 4. Í stað bjagaðs tekjuskattstofns er hagnaður í henni reiknaður með

því að láta árgreiðslu Hagstofunnar koma í stað vaxta og afskrifta hjá Deloitte.

Í fyrsta fjárhæðadálki töflunnar er hagnað sjávarútvegs reiknaðan sem EBITDA (hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir) að fráðregnum vöxtum af lánsfé vegna kaupa á rekstrareignum sem áætlaðir eru 5 mrd. kr. á ári. Er það gert með hliðsjón af skuldum skv. efnahagsyfirliti Hagstofu Íslands (358 - 529 mrd. kr. 2016 - 2019), hlutfalli varanlegra rekstrarfjármuna af heildareignum (um 30% á árunum 2016 til 2019) og vaxtakjörum á lánum skv. reikningum stórutgerða.

Í öðrum dálki eru tilgreindir reiknaðir tekjuskattar skv. skýrslu Deloitte og í síðasta dálki er skatthlutfallið. Tekjuskattar sjávarútvegsfyrirtækja á þessum árum eru á bilinu 11 - 24% af hagnaði þeirra. Frávik frá skatthlutfalli tekjuskattslaga eru vegna bókhaldslegra fjármálafærslna m. a. gengisbreytinga. Tölur þessar, þó einhverrar ónákvæmni gæti, sýna að allt tal um háar skattgreiðslur útgerðar eru staðlausir stafir. Tekjuskattar sjávarútvegs eru í reynd aðeins brot þess fjárhagslega stuðnings sem hann nýtur í nær gjaldfrjálsum afnotum af fiskveiðiauðlindinni.

Skattar af þáttatekjum í sjávarútvegi

Allir skattar eru bornir af einstaklingum. Fyrirtæki eru einungis milliliðir í skattalegu tilliti og tekjuskattar þeirra eru skattar á eigendur fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækis er tekjur eiganda þess hvort sem hann er greiddur út sem arður eða safnast upp í eigin fé fyrirtækisins. Tekjuskattur á arð til einstaklinga var settur 22% með þeim rökum að búið væri að greiða 20% skatt af hagnaði fyrirtækisins og heildarskattlagning teknanna sé því 37,6% ($20 + 0,8 \times 22$) eða svipuð og tekjuskattar á laun einstaklinga. Það hefur ekki gengið eftir.

Arður greiddur einstaklingum er aðeins lítill hluti af hagnaðinum eins og komið hefur fram. Mestur hluti hagnaðarinnar rennur til eignarhaldsfélaga eigendanna sem arður eða eignaauki á hlutum þeirra. Þessum hluta hagnaðar er komið undan skattlagningu eða henni frestað í það óendanlega eins og lýst er í kafla 4. Skattur á tekjur eigenda sjávarútvegsfélaga (á reyndar einnig við um margan annan atvinnurekstur) af rekstri þeirra er því langt frá því að vera nálægt þeim 37,6% sem að framan greinir og er reyndar langtum lægri en skattur launþega sem í greininni starfa.

Af þeim upplýsingum sem fram hafa komið má reikna út og áætla með viðunandi nákvæmni skatta af greiddum þáttatekjum í sjávarútvegi, þ.e. skatta af launum starfsmanna, skatta af tekjum sem

greiddar eru eigendum fjármagns og auðlindarentunni. Þegar litið á sjávarútveg í heild og skiptingu tekna á haghafa og skattgreiðslur þeirra má álykta eftirfarandi fyrir árin 2010 til 2020:

- Virðisauki, að jafnaði 155,3 mrd. kr. á ári, var greiddur fyrir vinnu og fjármagn og auðlind. Hluti launa og tengdra gjalda var að jafnaði 83,6 mrd. kr. Í hluti fjármagns komu 64,9 mrd. kr. og veiðigjöldin voru að jafnaði 6,8 mrd. kr.
- Skattskyld laun starfsmanna eru um 83% af launakostnaði og miðað við 30% skatthlutfall hafa tekjuskattar launþegar því verið um 25% af launakostnaðinum. Við bætast um 6,5% tryggingagjald eða samtals um 31,5%. Skattar af launum hafi því verið um 26,3 mrd. kr.
- Við áætlun skatta af eigendum fjármagns þarf að leggja saman tekjuskatta fyrirtækja, fjármagnsskatt af arði sem greiddur var einstaklingum og tekjuskatt af vöxtum sem greiddir voru lánveitendum.
- Skv. Deloitte voru tekjuskattar sjávarútvegsfyrirtækja að jafnaði 8 milljarðar á árunum 2016 til 2020. Sé miðað við sama meðaltal allt frá 2010 hafa tekjuskattar þeirra að jafnaði verið um 12,5% af raunverulegum hagnaði sjávarútvegs á tímabilinu.
- Skv. Deloitte var greiddur arður 2016 til 2020 um 14 mrd. kr. að jafnaði, um 22% af raunverulegum hagnaði. Sé miðað við það fyrir allt tímabilið og að fimmtungur arðsins, 2,8 mrd. kr., hafi verið greiddur einstaklingum og borið 22% fjármagnstekjuskatt hefur skatturinn verið um 0,6 mrd. kr. að jafnaði á ári.
- Af tölum Hagstofunnar má ráða að vaxtagreiðslur sjávarútvegsfélaga hafi verið nálægt 10 mrd. kr. á ári að jafnaði. Sá hluti vaxta sem greiddar eru erlendum lánveitendum bera engan eða lítinn skatt hér á landi. Miðað við að helmingur vaxtagreiðslnanna, um 5 mrd. kr., séu tekjur innlendra lánastofnana gæti skattur af þeim verið um 1 mrd. kr.
- Samtals hafa tekjuskattar sem rekja má til tekna af fjármagni í sjávarútvegi því verið 9,6 mrd. kr. eða 14,8% af raunverulegum hagnaði þeirra.

Skattar í sjávarútvegi, samantekt

Staðhæfingar um djúp skattaspor og háar skattgreiðslur sjávarútvegs eru blekkingar.

Tafla 5 sýnir áætlað árlegt meðaltal tekna og skatta í sjávarútvegi á árunum 2010 - 2020:

Tafla 5: Skipting tekna og tekjuskatta í sjávarútvegi

	Tekjur	Tekjuskattar, tr.gjald og veiðigjöld	Skatthlutfall
Vinnuafli	83,6	26,3	31,5%
Fjármagn	64,9	9,6	14,8%
Auðlind	6,8	6,8	100,0%
Samtals	155,3	42,7	27,5%

Réttlæting á arðráni af auðlind þjóðarinnar með staðhæfingum um háar skattgreiðslur útgerðarinnar er aðeins tilraun til að verja vondan málstað með sýndarrökum.